

Ed.

144. Frumvarp til laga

[77. mál]

um ráðstafanir á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

1. gr.

Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, vegna útfluttra sjávarafurða, samkvæmt ákvæði í 4. gr. laga nr. 69/1967, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu, skal lagt í sérstakan

gengishagnaðarsjóð, er varið skal í þágu sjávarútvegsins, skv. ákvæðum 2. gr. þessara laga, og skal sjóður þessi vera í vörzlu Seðlabankans. Áður en umrætt fé er greitt í gengishagnaðarsjóð, skal af því greiða ýmis gjöld og kostnað vegna umræddrar framleiðslu, svo sem hér segir:

- a. Hækkanir á rekstrarkostnaði vegna gengisbreytingarinnar við framleiðslu sjávarafurða, eftir að hið nýja gengi kom til framkvæmda og til ársloka 1967. Sama gildir um hækkanir á flutningsgjaldi af afurðum, sem framleiddar hafa verið fyrir árslok 1967, en fluttar eru út eftir gengisbreytinguna.
- b. Bætur til skreiðarframleiðenda vegna markaðserfiðleika.
- c. Bætur til bræðslusildariðnaðar vegna vinnslu á Norður- og Austurlandssild haustið 1967.
- d. Bætur vegna verðfalls á frystri rækju framleiddri á árinu 1967.
- e. Útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, er miðist við verðmætishækkun vegna gengisbreytingarinnar á þeim útflutningi, er á sér stað eftir 24. nóvember 1967, enda hafi útflutningsgjöld aðeins verið greidd miðað við hið eldra gengi. Sama gildir um gjald til Aflatryggingasjóðs skv. 1. tölulið 9. gr. laga nr. 77 1962, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, svo og gjald samkvæmt 7. gr. laga nr. 42 9. júní 1966, um ferskfiskeftirlit, og gjald samkvæmt lögum nr. 40 7. maí 1966, um smíði síldarleitarskips og um síldargjald. Útflutningsgjöld, sem ákvæðin eru í krónutölu á smálest, skulu hækkuð til samræmis við gengisbreytinguna. Ráðstöfun útflutningsgjaldsins fer eftir 1. gr. laga nr. 38 29. apríl 1967 um breytingu á fyrrgreindum lögum um útflutningsgjald.
- f. Framlög ríkissjóðs samkvæmt 1., 3., 8. og 9. gr. laga nr. 4 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, sem greidd hafa verið eða greidd verða vegna framleiðslu ársins 1967, sem fellur undir ákvæði 4. gr. laga nr. 69 1967, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Framkvæmd á ákvæðum a—d-liða þessarar greinar fer eftir ákvörðun sjávarútvegsmálaráðherra.

2. gr.

Gengishagnaðarsjóði er ríkisstjórninni heimilt að ráðstafa í þágu sjávarútvegsins sem hér segir:

- a. Allt að einum fjórða til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa.
- b. Allt að einum fjórða til Fiskveiðasjóðs Íslands og Ríkisábyrgðasjóðs til að greiða fyrir endurskipulagningu fiskiðnaðarins til framleiðniaukningar.
- c. Allt að einum fjórða til sérstaks gengisjöfnunarsjóðs við Fiskveiðasjóð Íslands, er varið skal til lánveitinga vegna gengistaps af lánum til fiskiskipa, sem bundin eru gengi erlends gjaldeyris. Stjórn Fiskveiðasjóðs setur nánari reglur um sjóð þennan að fengnu samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.
- d. Afganginum sem stofnframlagi til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sbr. 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, og enn fremur 3. gr. þessara laga.

3. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, og sé hlutverk hans að bæta verðfall, sem verða kann á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins.

Skal sjóðnum skipt í deildir eftir tegundum afurða og hafi deildirnar aðskilinn fjárhag.

Stofnfé Verðjöfnunarsjóðs skal vera:

- a. Afgangur, sem kann að verða af verðbótasjóði frystra fiskafurða 1967, sbr. 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.
- b. Fé samkvæmt 2. gr. d þessara laga og sé því skipt á deildir í samræmi við það, af hvaða afurðum það hefur verið greitt.

Tekjur Verðjöfnunarsjóðs skulu vera:

- a. Hluti í verðhækkunum sjávarafurða, sem verða á framleiðslu hvers árs, miðað við meðalverðlag undanfarinna þriggja ára.
 - b. Hluti af útflutningsgjaldi sjávarafurða, svo sem ákveðið verður í endurskoðuðum lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum.
- Nánari ákvæði um sjóð þennan skulu sett með sérstökum lögum.

4. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests á árinu 1967 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 24. nóvember 1967, þegar Seðlabanki Íslands ákvað nýtt gengi íslenzkrar krónu, voru fyrirbyggjandi í landinu nokkrar birgðir sjávarafurða og enn fremur voru ógreiddar afurðir, sem fluttar höfðu verið úr landi. Nokkur vandkvæði eru á því að áætla verðmæti birgðanna, þar sem það fer að sjálfsögðu eftir því, hvert þær verða seldar og fyrir hvaða gjaldeyri. Í hlutfalli við framleiðsluverðmæti sjávarafurða á árinu 1967 er hér um óvenju miklar birgðir og ógreiddan útflutning að ræða, sem m. a. stafar af nær algerrí sölustöðvun á skreið af þessa árs framleiðslu vegna borgarastyrjaldarinnar í Nígíríu og tregari sölu á bræðslusíldarafurðum á undanförunum mánuðum en venja hefur verið, vegna mikilla verðlækkana á þeim afurðum.

Með ákvæði 4. gr. laga nr. 69 1967 um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu var svo kveðið á, að mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á hinu nýja gengi skyldi færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum og jafnframt kveðið svo á, að því fé, sem á reikninginn kæmi, skyldi ráðstafað í þágu þeirra atvinnuvega, sem eiga viðkomandi afurðaandvirði. Hér var sú meginstefna mörkuð, að gengishagnaðinum, sem yrði af birgðunum, sem voru í landinu við gengislækkunina, og enn fremur af þeim afurðum, sem framleiddar yrðu til ársloka 1967, skyldi varið í þágu viðkomandi atvinnuvega. Þetta frumvarp er flutt í framhaldi af ákvæði fyrrnefndrar lagagreinar.

Frumvarpið fjallar um ráðstöfun á þeim gengishagnaði, sem kemur af útflutningi sjávarafurða, skv. áður nefndri 4. gr.

Þegar greiddur hefur verið ýmiss konar kostnaður og gjöld samkvæmt 1. gr. vegna þeirrar framleiðslu, sem gengishagnaðar nýtur, skal afgangurinn, sem er hinn eiginlegi gengishagnaður, ganga til sjóðs, sem ráðstafað skal til sameiginlegra þarfa sjávarútvegsins. Í fyrsta lagi skal sjóðnum varið til greiðslu váttryggingariðgjalda fiskiskipa. Í öðru lagi skal sjóðnum varið til eflingar Fiskveiðasjóðs, svo að sá sjóður verði færari um að stuðla að endurskipulagningu fiskiðnaðarins og geti veitt fyrirgreiðslu þeim aðilum, sem hafa staðið að endurnýjun fiskiskipaflotans, en hafa orðið að gera það að miklu leyti með erlendum lánnum. Loks er svo ætlunin að verja afganginum af gengishagnaðinum sem stofnframlagi til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, en grundvallarákvæði um stofnun slíks sjóðs er að finna í 3. gr. frumvarpsins.

Fara hér á eftir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er í upphafi greinarinnar kveðið á um það meginatriði, að gengishagnaðurinn skuli lagður í sérstakan sjóð, er varið skal í þágu sjávarútvegsins. Áður en

til þess kemur að féð sé lagt í þennan sjóð, er þó óhjákvæmilegt að greiða ýmis gjöld og kostnað, sem stafa af þeirri framleiðslu ársins 1967, sem gengishagnaðar nýtur.

Í fyrsta lagi er þar um að ræða hækkanir, sem verða á rekstrarkostnaði í sjávarútveginum, vegna gengisbreytingarinnar á tímabilinu til ársloka 1967. Með því að gengishagnaðurinn er tekinn í sjóðinn en ekki ráðstafað til útflytjendanna eða eigenda afurðanna, sem gengishagnaðurinn kemur af, þá er ekki rétt, að þeir beri þann aukna kostnað, sem verður á rekstrinum vegna gengisbreytingarinnar. Ýmsar rekstrarvörur hafa hækkað þegar eftir gengisbreytinguna og sama gildir að sjálfsögðu um hækkanir, sem urðu strax eftir gengisbreytinguna á flutningsgjaldi á afurðum, sem framleiddar verða fyrir árslok 1967, en fluttar eru út eftir gengisbreytinguna. Um þetta er ákvæði í a-lið 1. gr.

Í b-lið er gert ráð fyrir bótum til skreiðarframleiðenda vegna sérstakra erfiðleika á sölu skreiðar, sem stafa af borgarastyrjöldinni í Nígíeríu. Nígíería hefur um langt árabíl verið aðalmarkaðurinn fyrir íslenzka skreið og framleiðslan á árinu 1967 var að langmestu leyti miðuð við það, að seljast á þann markað. Áður en sú framleiðsla yrði tilbúin til útflutnings skall hins vegar á borgarastyrjöld þar í landi, sem hefur leitt til þess, að nær allur útflutningur á skreið til Nígíeríu hefur stöðvazt. Er talið, að nú liggi í landinu óseldar um 6 þús. lestir af skreið og er það um helmingi meira magn en vanalega er í birgðum um þetta leyti. Eru þetta þungar búsigfar fyrir skreiðarframleiðendur ekki sízt vegna þess, að með öllu er óvíst, hversu lengi þeir þurfa að geyma framleiðslu sína, þar sem enn sér ekki fyrir endann á stríðsástandi í Nígíeríu. Má segja, að hér sé um hreina neyðarráðstöfun að ræða til þess að létta nokkuð á þeim miklu erfiðleikum, sem steðja að þessari framleiðslu.

Þegar verðlagning sildar til bræðslu var ákveðin á s. l. vori, við upphaf sumarvertíðarinnar, voru blikur á lofti að því er snerti verðlag á mjöli og lýsi. Í stað þess að ákveða verðið fyrir alla vertíðina var því horfið að því ráði að láta verðlagninguna gilda aðeins fyrir hálf tímabilið, til júliloka. Það var þó þegar ljóst, að verksmiðjurnar tóku á sig verulegan hluta þeirrar verðlækkunar, sem þá var orðin. Ástandið á mörkuðunum fór enn versnandi, þegar á sumarið leið og þegar sildarverðið var ákveðið óbreytt fyrir tímabilið ágúst/september, versnaði hlutur verksmiðjanna enn til muna. Nýtt verðlagstímabil hófst svo 1. október. Þrátt fyrir, að verðlag á lýsi og mjöli færi þá enn lækkandi, var hráefnaverðið ákveðið óbreytt til ársloka. Jafnframt var verksmiðjunum heitið því, að reynt yrði að veita þeim nokkra aðstoð, ef reksturshallinn yrði meiri en fjárhagsgeta þeirra þyldi.

Svipað gildir um efni d-liðar þessarar greinar, þar sem fjallað er um batur á frysta rækju, sem framleidd er á árinu 1967, en þar varð einmitt mjög tilfinnanlegt verðfall á meginhluta þeirrar framleiðslu, og við verðlagningu rækjunnar á s. l. hausti var framleiðendum fryrstrar rækju heitið því að þeim skyldi bætt verðfallið að einhverju leyti.

Með því að útflutningsgjald ber að sjálfsögðu að innheimta af öllu andvirði hinna útfluttu sjávarafurða, er rétt, að einnig sé greitt útflutningsgjald af þeim hlutanum, sem fer til gengishagnaðarsjóðsins, en útflytjendur sjálfir greiði aðeins útflutningsgjald miðað við hið gamla gengi. Skipting útflutningsgjaldsins fer svo eftir sérstökum lögum þar um. Eðlilegt er að sama gildi um gjald til Aflatryggingasjóðs og um útflutningsgjaldið, svo og um gjald til ferskfiskeftirlits og sildargjald.

Í lögum nr. 4 1967 um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, voru ákvæði um framlög ríkissjóðs til ýmissa greina sjávarútvegsins. Þessi framlög koma á alla framleiðslu ársins 1967 eftir því sem við á. Verður því að gera ráð fyrir, að framlög til þeirrar framleiðslu, sem nýtur gengishagnaðar, endurgreiðist af þeim hagnaði, svo að ekki sé greitt tvisvar með sömu framleiðslunni. Ákvæði er um þetta í f-lið þessarar greinar.

Gert er ráð fyrir því, að sjávarútvegsráðgjafi setji nánari reglur um framlög ákvæmd að því er varðar a—d-liði þessarar greinar.

Um 2. gr.

Þegar greitt hefur verið, það sem kemur undir 1. gr. og rakið var í skýringum við þá grein frumvarpsins, er ráð fyrir því gert, að afgangur gengishagnaðarins gangi til sameiginlegra þarfa sjávarútvegsins.

Í fyrsta lagi skal allt að einum fjórða sjóðsins renna til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa. Sjóður sá, sem váttryggingariðgjöld greiðast af, fær tekjur sínar af útflutningsgjaldi. Vegna minnkandi útflutningsverðmætis hafa þær tekjur stórlækkað undanfarið, en hins vegar hafa útgjöld sjóðsins farið hækkandi undanfarin ár með tilkomu mikils fjölda nýrra og dýrra skipa. Í lok ársins 1966 skorti kr. 83 milljónir upp á, að sjóðurinn gæti greitt að fullu iðgjöld fiskiskipaflotans, og á þessu ári, sem nú er að líða, hefur ástandið enn versnað til muna, og mun nú í árslok skorta um kr. 186 millj. upp á að unnt sé að greiða öll iðgjöldin, sem útstandandi eru. Mundi með því fé, sem hér er gert ráð fyrir, mega grynna verulega á þessari skuld sjóðsins.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að Fiskveiðasjóður og Ríkisábyrgðasjóður fái allt að einum fjórða gengishagnaðarsjóðsins í því skyni sérstaklega að greiða fyrir endurskipulagningu fiskiðnaðarins til framleiðniaukningar. Með 10. gr. laga nr. 4 1967 um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins var lagður grundvöllur að því, að gagnger athugun færi fram á uppbyggingu og rekstraraðstöðu frystiðnaðarins. Hefur verið unnið að þessu undanfarna mánuði af þeim helztu lánastofnunum, sem starfa fyrir sjávarútveginn, í samvinnu við fulltrúa samtaka frystiðnaðarins. Er þess að vænta, að bráðlega liggi fyrir niðurstöður þeirrar athugunar, er byggja megi á tillögur um endurskipulagningu þess iðnaðar, og bæta fjárhagslega uppbyggingu. Þeir tveir sjóðir, er mest mundu koma hér við sögu eru Fiskveiðasjóður og Ríkisábyrgðasjóður, og er því eðlilegt, að hluti af fé gengishagnaðarsjóðs renni til þeirra. Hins vegar er eðlilegt að gera ráð fyrir því, að aðrar greinar fiskiðnaðarins njóti hér einnig fyrirgreiðslu, ef um er að ræða aðgerðir, sem leitt geta til hagkvæmari reksturs og framleiðniaukningar.

Samkvæmt c-lið þessarar greinar er ætlað, að allt að einum fjórða gengishagnaðarsjóðsins renni til Fiskveiðasjóðs, þar sem myndaður verði sérstakur gengisjöfnunarsjóður, er varið verði til lánveitinga vegna gengistaps af þeim lánunum til fiskiskipa, sem bundin eru gengi erlends gjaldeyris. Uppbygging hins mikla síldveiðiflota undanfarinna ára hefur að verulegu leyti gerzt fyrir erlent lánsfé, þar sem innlent fjármagn hefur ekki verið nægjanlegt fyrir hendi. Þá hefur Fiskveiðasjóður um árabíl einnig veitt lán, sem bundin eru að hluta við gengi erlends gjaldeyris, þar sem sjóðurinn hefur tekið erlend lán til starfsemi sinnar. Loks hafa þeir togarar, sem byggðir hafa verið, nær eingöngu verið byggðir fyrir erlent lánsfé. Vegna þess fjölda báta, sem byggðir hafa verið erlendis á undanförunum árum, eru enn ógreiddar stórar fjárhæðir, sem gjaldfalla munu á næstu árum. Mun þetta augljóslega verða þung byrði mörgum þeim, sem eiga slíka báta. Er ekki óeðlilegt, að notaður sé hluti af hinum sameiginlega sjóði í því skyni að gera Fiskveiðasjóði kleift með lánveitingum að létta nokkuð byrði þeirra, sem eru með lán á skipum sínum, sem bundin eru gengi erlends gjaldeyris.

Í d-lið þessarar greinar er loks ákveðið, að afgangurinn af gengishagnaðarsjóði skuli renna í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, en grundvallarákvæði um stofnun slíks sjóðs eru í 3. gr. þessa frumvarps.

Um 3. gr.

Þessi grein frv. kveður á um stofnfé og tekjur Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sem stofna skal með sérstökum lögum. Í fyrsta lagi er um að ræða stofnfé, sem kemur frá þeim afgangi verðbótasjóðs, sem ráð er fyrir gert í 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967 um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Í öðru lagi er svo afgangur af gengishagnaðarsjóði skv. d-lið 2. gr. þessa frumvarps.

Tekjur Verðjöfnunarsjóðs eru áætlaðar tvenns konar. Annars vegar hluti

af verðhækkunum sjávarafurða, sem verður á framleiðslu hvers árs, og þá gert ráð fyrir, að miðað sé við meðalverðlag undanfarinna þriggja ára. Hér liggur sú hugsun til grundvallar, að móti verðlækkunum, sem leiði til greiðslu úr sjóðnum komi það, að af verðhækkunum, sem verða umfram meðaltal tiltekins tímabils, eða eins og hér er gert ráð fyrir, meðaltal þriggja ára, verði greitt til sjóðsins tiltekinn hluti. Um þessar meginreglur sjóðsins verður að setja nánari ákvæði í sérstökum lögum.

Aðrar tekjur sjóðsins eru ætlaðar af útflutningsgjaldi og verður þar um að ræða tekjur, sem eru stöðugri og ekki eins háðar verðlagsþróun og þær, sem ætlaðar eru skv. a-lið. Verður hér um að ræða hluta af útflutningsgjaldi, sem ákveða verður með endurskoðuðum lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Um 4. gr.

Ákvæði þessarar greinar er samhljóða ákvæði 5. gr. laga nr. 4 21. marz 1967 um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Hefur þessi regla um greiðslu bóta til togaranna úr Aflatryggingasjóði verið viðhöfð skv. ákvæðum í lögum nú um nokkurra ára skeið og hefur sú reynsla gefizt vel.